

Fundargerð aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 8. maí 2013, kl. 10:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson (f.h. Grindavíkurbæjar), Guðlaugur H. Sigurjónsson (f.h. Reykjanesbæjar), Guðjón Þ. Kristjánsson, Sigrún Árnadóttir (f.h. Sandgerðisbæjar), Magnús Stefánsson (f.h. Sveitarfélagsins Garðs), Ásgeir Eiríksson (f.h. Sveitarfélagsins Voga), Þorsteinn Gunnarsson (f.h. Ferðamálasamtaka Reykjanes), Berglind Kristinsdóttir (f.h. Heklungar), Hjálmar Árnason (f.h. Keilis), Magnea Guðmundsdóttir (f.h. Bláa Lónsins), Eggert Sólberg Jónsson, Þuríður H. Aradóttir og Páll Jóhann Pálsson

1. Skýrsla stjórnar

Róbert Ragnarsson fór yfir störf stjórnar sem tók til starfa á stofnfundi 13. nóvember 2012.

2. Ársreikningur 2012

Ársreikningur 2012 lagður fram og samþykktur samhljóða.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun

Eggert Sólberg Jónsson kynnti starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2013.

4. Tilnefning stjórnar

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir í stjórn í samræmi við 7. grein stofnsamþykktu félagsins:

- Guðlaugur H. Sigurjónsson af hálfu Reykjanesbæjar og Pétur Jóhannsson til vara
- Róbert Ragnarsson af hálfu Grindavíkurbæjar og Kristín María Birgisdóttir til vara.
- Magnús Stefánsson og Guðjón Þ. Kristjánsson af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga og Einar Jón Pálsson og Ásgeir Eiríksson til vara.
- Berglind Kristinsdóttir, Júlíus J. Jónsson og Þorsteinn Gunnarsson af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni og Hjálmar Árnason, Magnea Guðmundsdóttir og Sævar Baldursson til vara.

5. Kosning endurskoðenda

Lagt er til að Deloitte ehf. haldi áfram að endurskoða reikninga félagsins. Samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna

Stjórn mun ekki þiggja laun þar til annað er ákveðið.

7. Ákvörðun um árgjald næsta árs

Samþykkt að leita eftir samningum við stofnaðila um fjárframlög vegna ársins 2014 þegar fyrir liggur hvernig umsókn um aðild að UNESCO Global Geoparks Network og European Geoparks Network liggur fyrir.

8. Önnur mál

Rætt um merkingar áhugaverðra staða og aðgengi að þeim. Aðalfundurinn tekur undir bókun stjórnar Reykjanes jarðvangs frá 8. maí og telur æskilegt að Reykjanes jarðvangur hafi samræmingarhlutverki að gegna varðandi merkingar og aðgengi að ferðamannastöðum. Fundurinn leggur til að við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna á Suðurnesjum vegna ársins 2014 verði komið á fót sjóði til framkvæmda á ferðamannastöðum. Sjóðurinn verði í umsjón Reykjanes jarðvangs sem mun sækja um mótframlög í aðra sjóði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði: ESJ